



Betri samgöngur ohf. Aðalfundur

Aðalfundur Betri samgangna var haldinn fimmtudaginn 28. apríl 2022, kl 15:00, á VOX Club, Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.

Fundurinn hófst með því að formaður stjórnar, Árni M. Mathiesen, setti fundinn. Stungið var upp á Ólafi Arinbirni Sigurðssyni lögmanni sem fundarstjóra og var tillagan samþykkt. Áður en gengið var til dagskrár lagði fundarstjóri til að Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur yrði kjörin fundarritari. Var það samþykkt.

Þá gerði fundarstjóri grein fyrir því boðað hafi verið til fundarins í samræmi við 9. gr. samþykka félagsins með rafrænni boðun til hluthafa, ríkisins og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, og einnig til Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og á vef félagsins. Fundarboðið var sent til samræmis við þann 14 daga fyrirvara sem tilgreindur er í samþykktum félagsins. Þá voru stjórn félagsins, framkvæmdastjóri og Ríkisendurskoðun sem endurskoðandi félagsins boðuð til fundarins. Þá var fundarboðið birt á heimasíðu félagsins, www.betrisamgongur.is og tilkynning send til fjölmiðla. Fundarstjóri lýsti því fundinn lögmetan.

Til fundarins er mætt Steinunn Sigvaldadóttir fyrir hönd og í umboði fjármála- og efnahagsráðherra, sem fer með 75% eignarhlut ríkisins í félaginu. Þá er mættur til fundarins formaður Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Gunnar Einarsson bæjarstjóri Garðabæjar, sem fer með atkvæðisrétt fyrir hönd og í umboði sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu sem eiga samtals 25% eignarhlut í félaginu. Því er mætt fyrir alla hluthafa félagsins.

Næst var gengið til dagskrár til samræmis við 12. gr. samþykka félagsins.

a) Skýrsla stjórnar um hag félagsins og rekstur þess á liðnu starfsári.

Árni M. Mathiesen stjórnarformaður tók til máls og flutti skýrslu stjórnar.

b) Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt athugasemdum endurskoðanda félagsins lagður fram til samþykktar.

Davíð Þorláksson framkvæmdastjóri kynnti ársreikninginn.

Eftir framsöguræður undir dagskrárliðum a) og b) opnaði fundarstjóri mælendaskrá og bauð fundarmönnum að taka til máls. Steinunn Sigvaldadóttir tók til máls og þakkaði greinargóða yfirferð á ársreikningi. Að svo búnu var ársreikningur Betri samgangna ohf. fyrir liðið starfsár 2021, ásamt athugasemdum endurskoðanda, borinn upp til atkvæða og samþykktur af hluthöfum félagsins.



c) Kjör stjórnar félagsins og endurskoðanda.

Stjórn félagsins skal skipuð sex einstaklingum og tveimur til vara. Samkvæmt tilnefningu fjármála- og efnahagsráðherra er gerð tillaga um eftirtalda þrjá aðalmenn í stjórn félagsins og einn varamann. Aðalmenn: Árni M. Mathiesen, sem jafnframt er tilnefndur sem formaður stjórnar, Eyjólfur Árni Rafnsson og Guðrún Ögmundsdóttir. Varamaður: Guðrún Birna Finnsdóttir. Samkvæmt tilnefningu Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er gerð tillaga um eftirtalda þrjá aðalmenn í stjórn félagsins og einn varamann. Aðalmenn: Gunnar Einarsson, sem jafnframt er tilnefndur sem varaformaður stjórnar, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Ólöf Örvarsdóttir. Varamaður: Ármann Kr. Ólafsson. Tillögur um framangreinda aðalmenn og varamenn í stjórn eru staðfestar af hlutöfum.

Samkvæmt samþykktum félagsins skal gera tillögu um að Ríkisendurskoðun endurskoði reikninga félagsins, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun. Tillaga er því gerð um Ríkisendurskoðun sem endurskoðanda félagsins. Opnað var fyrir umræður um framangreinda tillögu og enginn tók til máls. Tillagan var samþykkt af hluthöfum félagsins.

d) Ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað, sbr. ákvæði hluthafasamkomulags, eða tap og framlög í varasjóð.

Undir þessum lið kom fram að öll útgjöld félagsins væru eignfærð í ársreikningi og því hvorki um hagnað né tap að ræða. Í samræmi við það væri ekki um að ræða að framlög væru færð í varasjóð félagsins. Því yrði þessi liður á dagskrá aðalfundar bókaður þannig í fundargerð aðalfundar. Var það samþykkt af hluthöfum félagsins.

e) Starfskjarastefna stjórnar lögð fram til staðfestingar.

Hluthöfum hefur verið kynnt tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins sem er með hefðbundnu sniði og gildir almennt um opinber hlutafélög. Opnað var fyrir umræður um stefnuna og enginn tók til máls. Tillagan var samþykkt af hluthöfum félagsins.

f) Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna og endurskoðanda.

Tillaga stjórnar um laun stjórnarmanna og endurskoðanda er svohljóðandi: „Laun stjórnarmanna hækki um 2,9% þannig að laun hvers stjórnarmanns verði kr. 180.000 á mánuði og þóknun formanns stjórnar verði tvöföld sú fjárhæð. Varamenn í stjórn fái greidd hálf stjórnarlaun fyrir hvern setinn fund, þó ekki hærra en sem nemur einum stjórnarlaunum fyrir hvern mánuð. Endurskoðandi fyrirtækisins er Ríkisendurskoðun sem skal fá greitt fyrir starf sitt samkvæmt framlögðum reikningi.“

Opnað var fyrir umræður um framangreinda tillögu og enginn tók til máls. Framangreindar tillögur um stjórnarlaun og laun endurskoðanda voru samþykktar af hluthöfum félagsins.

g) Breyting á samþykktum.

Stjórn leggur til að eftirfarandi bætist við 5. mgr. 5. gr. samþykktu félagsins: „Þrátt fyrir framangreint skal stjórn heimilt að hækka hlutafé félagsins um 15 milljarða hluta á



genginu 1 í þeim tilgangi að greiða Ríkissjóði fyrir tvær landspildur að Keldum, L110481, og Keldnaholti, L109210, í Reykjavík.“

Davíð Þorláksson framkvæmdastjóri gerir grein fyrir tillögunni. Opnað var fyrir umræður um framangreinda tillögu og enginn tók til máls. Tillagan var samþykkt af hluthöfum félagsins.

h) Önnur mál löglega upp borin.

Aðrar tillögur hafa ekki borist frá hluthöfum og því ekki önnur mál á dagskrá.

Fundarstjóri bauð fundarmönnum að taka til máls undir þessum lið. Enginn tók til máls.

Fundarstjóri óskaði eftir umboði aðalfundar til fundarritara og fundarstjóra að ganga frá fundargerð fundarins og var það samþykkt.

Árni M. Mathiesen stjórnarformaður sleit að svo búnu fundi kl. 15:35.

Staðfest,

Ólafur Arinbjörn Sigurðsson, fundarstjóri

Hildigunnur Hafsteinsdóttir, fundarritari